



Þekkir þú útsýnið?

Við verðum því miður ekki hissa ef þú svarar þessari spurningu neitandi.

Skógarstrandarvegur er eini stofnvegurinn á Vesturlandi og sá lengsti á láglandi landsins alls sem er án bundins slitlags. Um er að ræða malarveg með sjö einbreiðar brýr, veg sem liggur hjá heimilum, fyrirtækjum og um hann liggur leið skólabíls. Það er alltof oft að vegurinn ber ekki þung ökutæki, ökumenn ráða ekki við ástand vegarins eða erfitt er fyrir ökutæki að mætast. Þannig eru útköll vegna bílana, sprungina dekkja, útafaksturs og slysa því miður nokkuð tíð.

Í Samgönguáætlun 2024–2038 sem lögð var fram á Alþingi sl. haust er ekki gert ráð fyrir frekari lagfæringum fyrr en 2027. Það ár er aðeins gert ráð fyrir 300 milljónum í veglín þó áætlaður heildarkostnaður vegna hans sé metinn 11.500 milljónir. Vegurinn er meðal þeirra sem ríkir einna mest sátt um á öllu Vesturlandi að sé í forgangi á Samgönguáætlun Vesturlands. Það er aðliggjandi byggðarlögum, heimilum og fyrirtækjum nauðsynlegt að áætlaðar framkvæmdir á veginum dragist ekki.

Við viljum að fleiri fái að þekkja þetta útsýni.